

# Fundargerð

**Fundur 20. júní 2016 kl. 10 í skipulags-, húsnæðis- og hafnarnefnd Reykhólahrepps.**

**Mætt voru:**

Rebekka Eiríksdóttir og Karl Kristjánsson, einnig sat fundinn Bogi Kristinsson skipulags- og byggingafulltrúi.

Formaður bauð fundargesti velkomna og gengið var til dagskrár.

**Dagskrá:**

**Mál til afgreiðslu:**

1. **Fundargerð skipulags-, húsnæðis- og hafnarnefndar 9. maí 2016.**  
Engar athugasemdir og fundargerðin samþykkt.
2. **1311010 – Deiliskipulag við Reykhóla, útivistarsvæði og sjávarböð.**  
Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemd við að sveitarstjórn birti auglýsingu um gildistöku skipulagsins í B-deild Stjórnartíðinda.  
Skipulagsfulltrúa falið að auglýsa skipulagið í B-deild Stjórnartíðinda.
3. **1502026 – Breyting á deiliskipulagi Fremri-Gufudals.**  
Skipulagsstofnun gerir athugasemdir við skipulagsbreytinguna að hún verði birt í B-deild Stjórnartíðinda þar sem skipulagið samræmist ekki aðalskipulagi varðandi fjölda frístundahúsa o.fl. Nefndin samþykkir athugasemdir Skipulagsstofnunar og verður við þeim. Skipulagsfulltrúa falið að láta lagfæra gögnin til viðeigandi aðila.
4. **1605007 – Bogaskemma 139744, umsókn um lóð.**  
Nefndin leggur til við sveitarstjórn að gengið verði til samninga við erfingja Hákonar Einarssonar og Karítasar Bjarnadóttur.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 11.02.

Fundargerðin er ein blaðsíða.

Karl Kristjánsson (sign)

Rebekka Eiríksdóttir (sign)

Bogi Kristinsson (sign)